

Miðvikudaginn 11. marz 1970.

Nr. 193/1969. **Valdimar Karlsson**  
 (Kristinn Sigurjónsson hrl.)  
 gegn  
**Jarlinum h/f**  
 (Áki Jakobsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Gengi. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 13. maí 1969, og var það þingfest í Hæstarétti 2. júní 1969. Hinn 1. október 1969 var málið fellt niður vegna útivistar af hendi áfrýjanda. Hann hefur skotið málinu af nýju til Hæstaréttar með stefnu 28. október 1969 samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1962 og krafizt þess, að honum verði einungis dæmt að greiða danskar kr. 12.436.60 í íslenskum krónum eftir því gengi, sem gilti hinn 8. febrúar 1965, þ. e. ísl. kr. 77.565.09, ásamt 7% ársvöxtum frá 26. september 1967 til greiðsludags og svo að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem í héraðsdómi er lýst, varð stefndi fyrir útlátum á dönskum kr. 12.436.60 í Danmörku hinn 8. febrúar 1965 vegna smyglbrots áfrýjanda, sem var stýrimaður á m/s Jarlinum. Í flutningi máls þessa í héraði hefur umboðsmaður áfrýjanda viðurkennt, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefnda nefnda fjárhæð í dönskum krónum, en mótmælt því, að honum verði dæmt að greiða vexti. Er málflutningsyfirlýsing þessi eigi andstæð ákvæðum laga nr. 71/1966. Ber því að taka skaðabótakröfu stefnda til greina og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda danskar kr. 12.436.60 ásamt 7% ársvöxtum frá 8. febrúar 1965 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00.

## Dómsorð:

Áfrýjandi, Valdimar Karlsson, greiði stefnda, Jarlinum h/f, danskar kr. 12.436.60 ásamt 7% ársvöxtum frá 8. febrúar 1965 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

## S é r a t k v æ ð i

## Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi var stýrimaður á skipi stefnda á árunum 1964 og 1965. Í febrúarmánuði 1965 var skip þetta stutt í Kaupmannahöfn. Hinn 8. febrúar 1965 greiddi stefndi danskar kr. 12.436.60 vegna áfrýjanda. Var hér um að ræða sekt, er honum hafði verið gert að greiða í Danmörku vegna tolllagabrots, og kostnað í sambandi við það mál. Er fjárhæðin viðurkennd af áfrýjanda. Fé til greiðslunnar virðist stefndi hafa fengið flutt frá Íslandi um sömu mundir. Var hér um að ræða viðskipti aðilja vistfastra á Íslandi.

Að málavöxtum athuguðum og samkvæmt grunnreglum 1. og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966 verður áfrýjanda einungis dæmt að greiða stefnda fé þetta, danskar krónur 12.436.60, með islenzkum krónum eftir gengi í Reykjavík 8. febrúar 1965. Viðurkenning áfrýjanda í greinargerð í héraði 17. október 1967 þykir eigi skipta hér máli, enda gengi danskrar krónu í Reykjavík þá eigi hærra en 8. febrúar 1965. Áfrýjanda ber að greiða vexti af hinu dæmda fé, 7% ársvexti frá 8. febrúar 1965.

Eftir þessum úrslitum og þar sem áfrýjandi lét falla niður þingsókn í héraði, ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilegur kr. 25.000.00.

## Dómsorð:

Áfrýjandi, Valdimar Karlsson, greiði stefnda, Jarlinum h/f, danskar krónur 12.436.60 með islenzkum krónum eftir gengi í Reykjavík 8. febrúar 1965 ásamt 7%

ársvöxtum frá 8. febrúar 1965 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. marz 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Jarlinn h/f hér í borg höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 3. október 1967, gegn Valdimar Karlssyni stýrimanni, Reynimel 92 hér í borg, „til greiðslu skuldar að upphæð danskar kr. 12.436.60 ásamt 9% ársvöxtum frá 8. febrúar 1965 til 12. júní s. á. og 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt mati réttarins“.

Í greinargerð af hálfu stefnda eru þær kröfur gerðar, „að málskostnaður verði látinn niður falla, en að umbjóðanda mínum verði gert að greiða stefnufjárhæðina, d. kr. 12.436.60, og ennfremur að vextir verði látnir niður falla. Umbjóðandi minn viðurkennir að skulda Jarlinum h.f. fjárhæð þessa, en telur sig eiga inni mun hærri fjárhæð vegna launa hjá Jarlinum h.f., þ. e. kr. 135.000.00. Af þeim sökum, að hann á inni hærri fjárhæð hjá Jarlinum h.f. en hann skuldar, telur hann, að málskostnaður og vextir eigi að falla niður“.

Stefndi höfðaði gagnsök í málinu með gagnstefnu, dagsettri 17. október 1967 til greiðslu ógreiddra launa að fjárhæð kr. 135.000.00 auk 8% ársvaxta frá 1. marz 1965 til greiðsludags auk málskostnaðar. Gagnstefndi krafðist frávísunar á gagnsökinni, en hún var hafin vegna útivistar af hálfu gagnstefnanda.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að stefndi hafi verið stýrimaður á skipi stefnanda, m/s Jarlinum, er stefndi ásamt öðrum yfirmönnum skipsins hafi verið sekur fundinn um vínsmýgl í Kaupmannahöfn. Hafi stefndi verið settur í gæzluvarðhald í 14 daga og síðan hafi hann gert réttarsátt 8. febrúar 1965 í Köbenhavns Byret um að greiða til danska ríkisins sekt, svikinn toll og afgjöld, danskar kr. 12.436.60. Samdægurs hafi stefnandi greitt fé þetta af hendi til þess að losa skipið. Krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða fé þetta.

Svo sem áður greinir, hefur gagnsök stefnda verið hafin. Verður því ekki fjallað frekar um gagnkröfu þá, sem stefndi telur sig eiga á hendur stefnanda.

Stefndi hefur viðurkennt að skulda stefnanda hina umstefndu skuld. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 14.000.00 í málskostnað.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, Valdimar Karlsson, greiði stefnanda, Jarlinum h/f, danskar kr. 12.436.60 ásamt 9% ársvöxtum frá 8. febrúar 1965 til 12. júní s. á. og 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 13. marz 1970.

Nr. 61/1969. **Sigurður Ármann Magnússon**

(Agnar Gústafsson hrl.)

gegn

**Slippfélaginu í Reykjavík h/f**

(Guðjón Styrkársson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Skuldamál.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. marz 1969. Krefst hann þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en *til vara*, að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Áfrýjandi reisir ómerkingar- og frávisunarkröfu sína á því, að honum hafi ekki verið löglega birt stefna í héraði. Hann eigi lögheimili á Seltjarnarnesi. Stefnan hafi ekki verið